

Kynblöndun hvítmáfs (*Larus hyperboreus*) og silfur máfs (*Larus argentatus*)

Freydís Vigfúsdóttir, Snæbjörn Pálsson og Agnar Ingólfsson, Líffræðistofnun Háskólans, Askja - Náttúrufræðahús, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík. freidisv@hi.is

Landfræðileg uppskipting tegunda er oft megin ástæða erfðafræðilegrar aðgreiningar meðal stofna lífvera og skyldra tegunda. Ef slíkir stofnar eða tegundir mætast á ný, í kjölfar aukinnar útbreiðslu, geta myndast svæði þar sem blöndun tegundanna getur ýmist verið óheft, takmörkuð og þar sem náttúrulegt val getur aukið á aðgreiningu tegundanna eða engin vegna þess að æxlunarleg einangrun hefur náðst. Slík blendingssvæði eru þekkt meðal margra tegunda sem hafa aukið útbreiðslu sína eftir síðasta kuldaskið ísaldar.

Agnar Ingólfsson (1970) hefur lýst kynblöndun milli hvít- og silfur máfa á Íslandi með því að greina útlitsbreytileika tegundanna. Hvítmáfar eru háarktísk tegund sem verpt hefur hér um langa hríð en silfur máfar námu land hér um 1920. Í athugun Agnars virtist meirihluti máfa á Vesturlandi vera hreinir hvítmáfar, en á Suður- og Austurlandi voru flestir þeirra blendingar eða hreinir silfur máfar. Snell (1991) dró í efa ályktun Agnars og taldi breytileikann vera svipaðan þeim sem finnst innan tegundanna. Nýlegar rannsóknir á erfðabreytileika bæði hvatbera DNA og örtungla meðal silfur máfa og skyldra tegunda benda til að skorður á æxlunarlegri einangrun séu mislangt á veg komnar meðal máfategunda og æxlun milli skyldra undirtegunda eigi sér stað.

Markmið verkefnisins er að greina hvort um kynblöndun sé að ræða milli hvítmáfs og silfur máfs á Íslandi, og ef kynblöndun greinist að athuga hvernig henni er háttað. Athugunin byggir á að greina breytileika örtungla og hvatbera DNA ásamt útlitsbreytileika hjá hvorri tegund fyrir sig þar sem aðeins önnur tegundin finnst á Grænlandi, Færeyjum og á Íslandi, og á hugsanlegum blendingssvæðum á Íslandi. Rannsóknin byggir á gömlum sýnum sem Agnar safnaði í fyrri rannsóknum og á sýnum sem safnað var 2005 og verður safnað á árinu 2006.

INGOLFSSON A., 1970. Hybridization of Glaucous Gulls *Larus hyperboreus* and Herring Gulls *Larus Argentatus* in Iceland. *Ibis* 112:340-362.

SNELL, R. R. 1991. Variably plumaged Icelandic Herring Gulls reflect founders not hybrids. *Auk* 108:329-341.